



# **SVIÐSMYNDIR UM FRAMTÍÐ ATVINNULÍFS Á NORÐURLANDI VESTRA TIL ÁRSINS 2040**



# Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	3
Samantekt	4
Sviðsmyndirnar fjórar	5
Hvað er sviðsmyndagreining	6

## Stöðugreining

Landbúnaður	7
Sjávarútvegur	8
Iðnaður	9
Ferðaþjónusta	10
Menning	11
Umhverfismál	12
Atvinnuþróun	13
Samgöngur	14

## Sveitarfélögin og þróun íbúafjölda

Sveitarfélög og íbúafjöldi	15
Mannfjöldapróun frá 2000 til 2019	16

## Netkönnun

Netkönnun meðal íbúa	17
Niðurstöður netkönnunar	18
Áleitnar spurningar um framtíðina	19
Mikilvægir óvissuþættir og drifkraftar atvinnulífs	20
Grunngerð sviðsmyndanna	21

## Sviðsmyndir til ársins 2040

Um sviðsmyndir	23
Yfirlit sviðsmynda	24
1. Til sjávar og sveita	25
Tímalína	26
2. Samfélag í sókn	27
Tímalína	28
3. Sígandi lukka er best	29
Tímalína	30
4. Nýsköpunarlandið	31
Tímalína	32

Nýting sviðsmynda - næstu skref	33
---------------------------------	----



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS VESTRA



www.ssnv.is



Landsvirkjun styrkti vinnu við gerð sviðsmyndanna

Sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra til ársins 2040  
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, febrúar 2020  
Útgáfa 1.0


Ábyrgðarmaður

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV

Verkumsjón  
KPMG ráðgjöf

Grafísk hönnun  
Reykjavík Letterpress

Myndlýsingar



Rán Flygenring & Elín Elísabet

# Fylgt úr hlaði

Segja má að orðatiltækið „á brattann að sækja“ lýsi vel þróun atvinnulífs á Norðurlandi vestra sl. áratug, ef ekki lengur. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað í innra og ytra umhverfi sem hafa haft áhrif að rekstrar- og búsetuskilyrði á þessum tíma. Þjónusta á vegum hins opinbera í landshlutanum hefur dregist saman. Fólksfækkun hefur verið viðvarandi þar til á allra síðustu misserum þar sem hún hefur staðið í stað eða í einstaka tilfellum haldið í við landsmeðaltal. Það gefur fyrirheit um að viðspyrnu sé náð og að leiðin sé uppávið.


Við stöndum á þröskuldi mikilla breytinga í atvinnulífi. Fjórða iðnbyltingin títrædda mun ekki fara framhá Norðurlandi vestra en henni munu fylgja breytingar á störfum og lífsháttum. Störf sem við þekkjum í dag munu ekki verða til eftir einhver ár, en á sama tíma munu ný verða til. Þessi þróun, ásamt því að útlit er fyrir að landshlutinn sé betri búsetukostur en áður, gefur tilefni til að skoða þá þætti sem áhrif geta haft á þróun mála og í hvaða átt við, íbúar landshlutans, viljum sjá atvinnulíf svæðisins þróast á næstu áratugum.

Sviðsmyndir atvinnulífsins á Norðurlandi vestra geta aukið gæði stefnumótunar í atvinnumálum og samfélagsuppbyggingu, áætlanagerð og rýni þeirra auk þess að koma að gagni við framsetningu hugmynda gagnvart hagsmunaaðilum, íbúum, sveitarfélögum og stjórnvöldum. Ásamt Sóknaráætlun landshlutans eru sviðsmyndirnar verkfæri okkar sem hér búum til að meta hvar við erum stödd, hvert við viljum fara og hvernig við eigum að komast þangað. Á sama tíma geta sviðsmyndirnar hjálpað okkur að sjá hvert við viljum ekki fara og þá hvenær og hvernig bregðast á við ef við færumst í þá átt. Þær hjálpa okkur að sjá hvaða ákvarðanir við eigum að taka til að efla okkar öflugna landshluta og bæta hér búsetuskilyrði.

Í sérstöðu landshlutans búa fjölmörg tækifæri. Grípum þau og eflum þannig þau góðu samfélög sem hér eru.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,  
*framkvæmdastjóri SSNV*





# Samantekt


Til að meta hvernig atvinnulíf á Norðurlandi vestra gæti þróast til ársins 2040 var ákveðið að horfa sérstaklega til tveggja drifkrafta. Annars vegar þróun menntunar og færni og hins vegar þróun atvinnustarfsemi.

Þessir drifkraftar voru valdir eftir greiningu á atvinnulífi og samfélaglegum þáttum svæðisins. Þessir tveir þóttu standa öðrum framur þegar kæmi að mikilvægi og óvissu um framtíðarþróun.

Menntun og færni íbúa hefur mikil áhrif á það hvort atvinnulífið þróast með **framsæknum** hætti, og nýti nýjustu tækni eða hvort **íhaldssemi** sé ríkjandi á svæðinu. Þegar kemur að *þróun atvinnustarfsemi* skiptir máli hvort hún sé í átt að **virðisauka** t.d. með nýsköpun og vöruþróun eða með áherslu á **magn** t.d. í fjölda ferðamanna, framleiddra eininga o.s.frv.

Mótaðar voru fjórar sviðsmyndir sem byggja á þessum drifkröftum auk fjölda annarra krafta sem hafa áhrif með einhverjum hætti. Sviðsmyndarnar fjórar gefa innsýn inn í mögulega þróun atvinnulífs á Norðurlandi vestra til ársins 2040 og hjálpa okkur við að taka ákvarðanir í dag sem hafa munu áhrif á þessa þróun.

# Sviðsmyndirnar fjórar



## Til sjávar og sveita

Í þessari sviðsmynd er atvinnulífið á svæðinu frekar einsleitt og áhersla á hefðbundin störf sem í sumum tilfellum skila launum yfir landsmeðaltali. Hægfara fólksfækkun en hækkað hlutfall nýbúa. Lítil trú og óþolinmæði fyrir verulegri nýsköpun í atvinnulífinu.

## Samfélag í sókn

Í þessari sviðsmynd hefur með nýjum áherslum í menntun orðið mikil þróun í atvinnulífinu, sérstaklega í hefðbundnum greinum og ferðaþjónustu.



## Sígandi lukka er best

Í þessari sviðsmynd draga matur og menning úr héraði gesti á svæðið og tekjur á hvern ferðamann hafa aukist verulega. Áhersla er lögð á fullvinnslu afurða í matvælaíðnaði og þannig á aukna verðmætasköpun.

## Nýsköpunarlandið

Í þessari sviðsmynd hafa tækifæri í tækni og framþróun skapað störf á svæðinu. Fjársterkir aðilar styðja dyggilega við nýsköpun og þróun í nýjum atvinnugreinum sem dregur að fólk með mikla sérþekkingu á fjölbreyttum sviðum.





## Hvað er sviðsmyndagreining?

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hófu í samstarfi við KPMG, á vormánuðum 2019, vinnu við gerð sóknar-áætlunar landshlutans fyrir árin 2020-2024. Samhliða var ákveðið að vinna sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á svæðinu til ársins 2040. Frá KPMG sáu þeir Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason um verkefnisstýringu sviðsmyndanna. Við vinnslu þeirra voru tekin viðtöl og haldnir fjölmargir fundir með íbúum, atvinnulífi og aðilum úr sveitarstjórnnum. Má áætla að samtals hafi á fimmta hundrað íbúa á Norðurlandi vestra komið að gerð sviðsmyndanna sem voru unnar samhliða gerð sóknaráætlunar landshlutans.

Sviðsmyndagreining er leið til þess að horfa inn í framtíðina og sjá hvernig hún getur þróast fyrir ákveðin fyrirtæki, atvinnugreinar, stofnanir eða félagasamtök. Hún er tilraun

sem ætlað er að skilgreina hvaða drifkraftar eru líklegir til að móta framtíðina og kanna hvaða áhrif þróun þeirra mun hafa á starfsumhverfi okkar. Í stað þess að einblína á línulega þróun út frá sögulegum staðreyndum segir sviðsmyndagreining mismunandi sögur um líklegt eða mögulegt framtíðarstarfsumhverfi.

Sviðsmyndir eru töl sem hjálpa okkur að viðurkenna eða ögra viðteknum ályktunum um framtíðina. Ferlið við að móta sviðsmyndirnar krefst greininga á lykilbreytum og kröftum sem geta og eru að breytast. Að lokum eru dregnar upp myndir eða sögur sem sýna breitt svið óvissu um framtíðina. Þessar sögur má í framhaldinu nota til þess að máta núverandi stefnu og áætlanir við mismunandi framtíðarstarfsumhverfi.

**Sviðsmyndir eru ekki framtíðarsýn,  
spá, stefna eða framreikningur.**

**Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfið  
og skapa sameiginlegan skilning á því hvað þarf að gera  
í dag til að undirbúa framtíðina.**



## Landbúnaður

Norðurland vestra er eitt mesta landbúnaðarhérað landsins og vægi landbúnaðar hvergi meira. Í skýrslunni Landfræðilegt efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi sem gefin var út í febrúar 2019 kemur fram [í greiningu sem unnin var árið 2017](#) að vægi sauðfjár og kúabúskapar metið út frá rekstrartekjum skiptist svo að 43% tekna koma frá sauðfé, 54% frá kúabúum og 2% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 16% allra jarða í ábúð á Íslandi staðsettar á Norðurlandi vestra.

Ef litið er á fjölda bóa á Norðurlandi vestra í hlutfalli af landinu öllu þá voru árið 2009 23% sauðfjárþúa á landinu á Norðurlandi vestra og á árinu 2017 var hlutfallið óbreytt, en á milli þessara ára fækkaði sauðfjárþúum nokkuð á svæðinu líkt og á landinu öllu. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísu hefur dregist saman síðan 2014 í takt við versnandi afkomu í greininni. Hefur fjöldi sauðfjár á Norðurlandi vestra vaxið frá því að vera um 20% af heildarfjölda árið 1998 upp í að vera 25% af heildarfjöldanum árið 2018. Vægi greinarinnar í landshlutanum er því mikið.

Fjöldi kúabúa í landshlutanum stóð í stað milli áranna 2009 og 2017. Aftur á móti er þróunin á landsvísu sú að kúabúum fækkar og þau stækka. Í landshlutanum hefur átt sér stað mikil tæknivæðing í mjólkurbúskap með fjölgun róbótafjósa og því ánægjulegt að sjá að greinin heldur sér vel. Í landshlutanum fer fram mikil vinnsla mjólkurafurða hjá Mjólkursamlagi KS á Sauðárkróki og hafa þeir verið leiðandi á landinu í nýsköpun og vöruþróun á sínu sérsviði. Hjá Vörusmiðjunni á Skagaströnd er einnig unnið að þróun, nýsköpun og framleiðslu á náttúrulegum mat- og heilsuvörum.

Heilt yfir má segja að framleiðsla landbúnaðarafurða á svæðinu hafi aukist mikið. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018 sem gerir aukningu upp á 71%.



## Sjávarútvegur

Á undanförunum áratugum hafa orðið miklar breytingar á sjávarútvegi í landshlutanum. Áður fyrr voru blómlegar útgerðir í hverju plássi en nú má segja að útgerð sé aðeins frá Skagaströnd og Sauðárkróki í einhverju mæli. Rækjuveiðar hafa lagst af í Húnaflóa en enn er unnin rækja á Hvammstanga sem keyrð er þangað frá Siglufirði eða er innflutt. Einnig er rækjuvinnsla á Sauðárkróki. Skelveiðar eru engar í dag en voru nokkrar áður fyrr.

Stærsti útgerðaraðilinn er FISK Seafood á Sauðárkróki sem varð til árið 2004 þegar Fiskiðjan Skagfirðingur og Skagstrendingur á Skagaströnd sameinuðust. FISK hefur yfir ágætum flota skipa að ráða m.a. nýju skipi, Drangey, sem tekið var í notkun árið 2017.

Frá árinu 2016 hefur heildarafli sem kemur að höfn á Sauðárkróki aukist að meðaltali um 20% á milli ára. Á sama tíma hefur heildarafli sem landað er í öðrum höfnum í landshlutanum dregist verulega saman. Fisk Seafood og Dögun eiga heimahöfn á Sauðárkróki ásamt því að smábátar frá Sauðárkróki og Hofsósi landa þar reglulega auk landana skipa annarra útgerða. Reglulegar strandsiglingar eru í Skagafjörð og eru skip Samskipa og Eimskipa með áætlunarsiglingar í Sauðárkrókshöfn. Nærri 80 flutningaskip koma árlega í Skagafjörð.





## Iðnaður

Iðnaður á Norðurlandi vestra hefur til langs tíma að mestu tengst megin atvinnugrein landshlutans, landbúnaði. Mjólkuriðnaður er öflugur og hefur áhersla þar verið lögð á nýsköpun eins og fram hefur komið. Þar hefur áhersla verið lögð á nýsköpun eins og fram hefur komið sem og nýtingu hráefna með því að vinna verðmæti úr hliðarafurðum. Önnur fyrirtæki tengd matvælaíðnaði eru t.d. Vilko á Blönduósi sem vinnur bæði úr innfluttum og innlendum afurðum.

Stærri iðnaðarfyrirtæki eru fá í landshlutanum. Þó er hægt að nefna Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki sem starfrækt hefur verið frá árinu 1985.

Undanfarinn áratug hefur mikil áhersla verið lögð á uppbyggingu iðnaðarstarfsemi í landshlutanum. Stór áfangi náðist þegar samþykkt var þingsályktunartillaga um iðnaðaruppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu árið 2013. Í framhaldi af störfum Norðvesturnefndar árið 2014

var ákveðið að ríkið veitti 30 milljónum til verkefnisins. Verkefnið var svo víkkað út á landshlutann allan og greining unnin á innviðum hans með tilliti til iðnaðarstarfsemi. Framhald vinnunnar verður í höndum starfsmanns sem sérstaklega verður ráðinn til verkefnisins og hefur það meginhlutverk að laða fjárfestingu í landshlutann.

Þó tækifærin hafi verið fá fram að þessu hafa þó áhuga-verðir hlutir gerst í landshlutanum m.a. með opnun gagnavers á Blönduósi. Þar er orka úr Blöndu nýtt í héraði, sem lengi hefur verið baráttumál heimamanna.

Í landshlutanum er jafnframt starfsrækt Textílmíðstöð Íslands, þekkingasetur á Blönduósi sem er alþjóðleg miðstöð í rannsóknum og þróun tengdum textíl.



## Ferðapjónusta

Segja má að uppbygging ferðapjónustu á Norðurlandi vestra hafi farið hægar af stað en víða annarsstaðar á landinu í kjölfar fjölgunar ferðamanna. Uppbygging segla fyrir ferðamenn hefur aukist verulega sl. 10 ár og má þar t.d. nefna uppbyggingu á Selasetri Íslands á Hvammstanga, við Hvítserk á Vatnsnesi, við Prístapa í Húnavatnshreppi, Spákonuhof á Skagaströnd, sýndarveruleikasýninguna 1238 á Sauðárkróki, Kakalaskála í Skagafirði, Sundlaugina á Hofsósi, Vesturfarasetrið o.fl.

Sveiflur milli háannar og lágannar í ferðapjónustu eru enn miklar í landshlutanum sem gerir heilsárs starfsemi erfiðari en ella. Þó er þeim að fjölga sem hafa opið allt árið. Gististöðum hefur sömuleiðis fjölgað en enn vantar stærri gististaði víða í landshlutanum, svo sem í Austur Húnavatnssýslu og í Skagafirði. Með uppbyggingu þeirra væri skapaður grunnur fyrir móttöku stærri hópa sem svo myndu nýta sér afþreyingu í boði á svæðinu. Framboð afþreyingar fyrir ferðamenn hefur sömuleiðis verið að aukast, má þar nefna Selasiglingar á Hvammstanga, hestaleigur víða í landshlutanum, flúðasiglingar í Skagafirði, Drangeyjarsiglingar o.fl.

Norðurstrandarleið (Arctic Coastway) sem opnuð var 2018 liggur meðfram strandlengjunni á Norðurlandi vestra. Liggur hún um leiðir sem þegar hafa fest sig í sessi sem ferðamannaleiðir svo sem Vatnsneshringinn, veginn fyrir Skaga og um Fljót. Búast má við að vinsældir þessara leiða og landshlutans alls muni aukast með aukinni markaðssetningu á Norðurstrandarleið.





## Menntun

Í landshlutanum eru auk grunnskóla, Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra (FNV) og Háskólinn á Hólum.

Í FNV hefur mikið verið lagt upp úr því að bjóða nám sem mætir þörfum atvinnulífsins. Fjarnámslausnir og helgarnám hafa verið í mikilli þróun undanfarin ár. Má þar nefna sjúkraliðabraut sem vel er sótt sem og helgarnám í húsasmíði sem hefur notið mikilla vinsælda. Almennt hefur nemendafjöldi skólans haldist nokkuð stöðugur þó samsetning nema hafi verið að breytast og færri t.d. dvalið á heimavist með tilkomu dreifnámsdeilda á Hólmavík, Hvammstanga og Blönduósi auk fjarnáms.

Við Háskólann á Hólum eru starfræktar þrjár deildir, Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild. Einnig býður skólinn upp á rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi, auk þess sem framhaldsnemar frá samstarfsskólum Hólaskóla geta stundað hluta rannsókna sinna undir leiðsögn sérfræðinga skólans. Við Hóla sem annarsstaðar á landinu hefur áhersla á fjarnám verið að aukast og er nú t.d. allt nám á diplómastigi, BA og MA nám í Ferðamáladeild boðið sem fjarnám með staðbundnum lotum heima að Hólum.

Grunnskólar á svæðinu eru 7 talsins, þar af þrír í Skagafirði. Uppbygging skólamannvirkja á svæðinu hefur verið nokkur undanfarin ár og má segja að í flestum tilfellum sé aðstaða til mikillar fyrirmyndar. Í skólunum öllum er rekið metnaðarfullt starf og hafa nemendur af svæðinu getið sér gott orð í hinum ýmsu keppnum svo sem upplestrar- og stærðfræðikeppnum, Skólahreysti o.fl. Árskóli á Sauðárkróki er leiðandi á landinu í notkun stafrænnar tækni í skólastarfi. Á síðastliðnum árum hafa reglulegar verið haldnar ráðstefnur um notkun upplýsingatækni í skólastarfi á Sauðárkróki.

Á undanförunum áratugum hefur verið aukning í framboði starfa í landshlutanum fyrir háskólamenntað fólk. Enn er þó skv. greiningum Hagstofunnar, lægsta hlutfall þeirra sem lokið hafa grunn eða framhaldsnámi á háskólastigi á Norðurlandi vestra. Hefur það hlutfall engu að síður verið að hækka smátt og smátt síðasta áratug eða svo. Hefur enda vinnustöðum sem krefjast háskólamenntunar verið að fjölga, svo sem með tilkomu Fæðingarorlofssjóðs, aukinnar starfsemi sýslumannsembættisins, vísindastörfum hjá BioPol á Skagaströnd og Protis á Sauðárkróki svo fátt eitt sé talið.





## Umhverfismál

Líkt og annarsstaðar á landinu er verk að vinna í umhverfismálum á Norðurlandi vestra. Þegar sóknar-áætlun áráanna 2020-2024 var unnin kom berlega í ljós að þessi mikilvægi málaflökkur er íbúum ofar í huga en þegar síðasta sóknaráætlun var unnin árið 2015.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa látið vinna [greiningu á kolefnisspori landshlutans](#) og er eitt markmiða sóknaráætlunar að minnka losun um 5% á fimm ára tímabili áætlunarinnar. Skilgreina þarf aðgerðir og ganga til þeirra af skynsemi í takt við aðrar áherslur landshlutans.





## Atvinnuþróun

Eitt af því sem talið er að standi fólksfjölgun í landshlutunum fyrir þrifum er fábreytni í atvinnulífi. Eins og fram hefur komið er landshlutinn mikið landbúnaðarhérað, sjávarútvegur nokkuð sterkur og ferðaþjónustan í sókn. Hægt hefur þó gengið að byggja upp iðnað á svæðinu. Stór áfangi náðist þegar samþykkt var þingsályktunartillaga um iðnaðaruppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu eins og fram hefur komið og eru bundnar miklar vonir við að verkefni í tengslum við þá tillögu sem nú stendur yfir, beri árangur.

Með 4. iðnbyltingunni munu störf taka breytingum eða hverfa. Um leið munu ný störf verða til. Störf hafa jafnt og þétt horfið af svæðinu undanfarin ár með breytingum í starfsumhverfinu eins og í tilfalli bankanna sem og tryggingafélaganna sem hafa lagt niður útibú og/eða fækkað starfsfólki. Með aukinni netsölu verslana hefur sérverslunum á landsbyggðinni fækkað. Þrátt fyrir að í þessari þróun felist ógnanir má sömuleiðis sjá í þeim tækifæri þar sem netverslanir geta allt eins verið staðsettar á landsbyggðinni. Störf sem ekki eru háð staðsetningu, geta sömuleiðis allt eins verið staðsett á landsbyggðinni. Allt sem þarf er opinn hugur þeirra stofnana/fyrirtækja sem um ræðir og vilji til að gefa starfsmönnum færi á því að búa og starfa í hinum dreifðari byggðum.



## Samgöngur

Lífæð samfélaga hinna dreifðari byggða eru samgöngumannvirki. Því miður er það svo að Norðurland vestra hefur borið skarðan hlut frá borði hvað uppbyggingu samgöngumannvirkja varðar sl. áratug. Nýframkvæmdir hafa verið takmarkaðar og viðhald á vegum minna en þörf er á. Vel er farið yfir samgöngu- og innviðamál landslutans [í sameiginlegri áætlun sveitarfélaganna í landshlutanum](#) sem út kom í júní 2018. Í fyrsta skiptið sameinast sveitarfélögin um ákveðnar framkvæmdir á svæðinu öllu en einnig eru þar settar fram áherslur hvers sveitarfélags fyrir sig. Jafnframt er tæpt á nauðsynlegum úrbótum hvað varðar fjarskipta- og orkumál.

Samgönguúrbætur, bæði flug- og vegasamgöngur, eru eitt mikilvægasta baráttumál landshlutans og hafa áhrif á fjölmarga aðra búsetuþætti. Með minnkandi heilbrigðisþjónustu í landshlutanum verður að gera þá kröfu að samgöngur séu með þeim hætti að íbúar geti sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu allt árið um kring, í öllum veðrum. Skólaakstur er hvergi meiri en á Norðurlandi vestra og því verður að gera þá kröfu að vegir séu boðlegir þeim nemendum sem oft þurfa að fara um langan veg til og frá skóla. Með mikilli aukningu ferðamanna verður líka að vera hægt að gera þá kröfu að vegir séu með þeim hætti að ferðamenn geti farið um þá án þess að skapa sér og öðrum stórhættu. Á öllu þessu er misbrestur og mikilvægt að ráðin verði bót á til að landshlutinn hafi möguleika á að styrkjast og eflast.



## Sveitarfélög og íbúafjöldi

Á Norðurlandi vestra eru sjö sveitarfélög, Akrahreppur, Blönduósþé, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Íbúafjöldi 1. janúar 1999, 2009 og 2020 var sem hér segir:

Íbúafjöldi 1. janúar ár hvert	1999	2009	2020
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.213	4.078	4.035
Húnaþing vestra	1.281	1.147	1.210
Blönduósþé	974	907	942
Sveitarfélagið Skagaströnd	601	521	473
Húnavatnshreppur*	456	428	371
Akrahreppur	221	218	205
Skagabyggð**	98	102	90
<b>Samtals</b>	<b>7.844</b>	<b>7.401</b> -6%	<b>7.326</b> -1%

Undanfarin 20 ár hefur íbúum á svæðinu farið heldur fækkandi en sú þróun hefur aðeins snúist við undanfarin þrjú ár. Kynjahlutfall íbúa í landshlutanum var nokkurn veginn jafnt þann 1. janúar 2019, 49,5% konur og 50,5% karlar. Hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda landshlutans er lægst á landinu eða um 6,6%.



Heimild: Hagstofa Íslands

\*Húnavatnshreppur varð til við sameiningu fjögurra hreppa þann 1. janúar 2006. Miðað er við sameiginlegan íbúafjölda þeirra árið 1999.  
\*\*Skagabyggð varð til árið 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps. Miðað er við sameiginlegan íbúafjölda þeirra árið 1999.

# Mannfjöldaþróun frá 2000 til 2020

Íbúafjöldun alls:  
**85.136**  
**+31%**

Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra 1. janúar 2009-2020







## Netkönnun meðal íbúa

Við gerð og vinnslu þessa sviðsmyndaverkefnis var íbúum á Norðurlandi vestra boðið að taka þátt í viðhorfskönnun um framtíð landshlutans til ársins 2040. Könnunin var send á póstlista SSNV en einnig var hlekkur á heimasíðu samtakanna. Alls tóku 319 íbúar þátt dagana 7.-19. júní 2019.

Með könnuninni var íbúum svæðisins gert mögulegt að taka þátt í vinnuferlinu og setja fram sínar skoðanir á mögulegri þróun atvinnulífs í landshlutanum til framtíðar. Þegar horft er til langrar framtíðar er mikilvægt að aðkoma sem flestra sé tryggð.


Niðurstöðurnar voru m.a. nýttar við mótun sviðsmyndanna og til að hvetja til frekari umræðu um mikilvægustu áhrifaþætti atvinnulífs á svæðinu til framtíðar. Á næstu síðu má sjá helstu niðurstöður könnunarinnar.

## NETKÖNNUN

### Hvað verða íbúar á Norðurlandi vestra margir árið 2040?

Flestir, eða tæplega helmingur svarenda telur að á næstu 20 árum muni íbúum fjölga nokkuð og vera á bilinu 7.500 og 10.000, þ.e. að íbúum fjölgi á bilinu 4-40%.


Um 80% svarenda telja að íbúum muni fjölga til ársins 2040, m.v. stöðuna í dag. Að sama skapi telja um 20% svarenda að íbúum muni fækka á sama tímabili. Aðeins 4% svarenda telja að íbúar Norðurlands vestra verði færri en 5.000 árið 2040.



### Hverjar verða meginatvinnugreinar svæðisins árið 2040?

Svarendur telja að landbúnaður muni hafa mest vægi en líklega hefur sterk núverandi staða greinarinnar áhrif á það mat. Ferðaþjónusta er talin munu vera sú atvinnugrein sem næst mest vægi hefur og fiskveiðar og vinnsla þriðja mikilvægasta atvinnugrein svæðisins árið 2040.


Orkuframleiðsla, fiskeldi og stóriðja ásamt annarri orkufreki framleiðslu telja svarendur að muni hafa minnst vægi þegar litið er til framtíðar.



### Hverjir eru mikilvægustu þættirnir fyrir þróun atvinnu- og mannlífs á Norðurlandi vestra á næstu árum?

Segja má að þrjú atriði standi upp úr en það eru fullvinnsla afurða á svæðinu, nýsköpun og sprotafyrirtæki auk vegasamgangna innan svæðis og til/frá svæðinu. Þessar niðurstöður ríma vel við áherslur í Sóknaráætlun Norðurlands vestra fyrir árin 2020-2024 og umræður á íbúafundum í tengslum við mótun áætlunarinnar.

Aðrir mikilvægir þættir sem hafa einnig nokkuð jafnt vægi eru nýting náttúruauðlinda, fjarskipti, menntunarstig og ný tækifæri til menntunar.





# Áleitnar spurningar um framtíðina

Í vinnuferlinu komu fram margar áleitnar spurningar um atvinnulíf á svæðinu til ársins 2040. Margt hefur breyst á sl. 20 árum og ekkert sem bendir til annars en að mikil þróun verði í atvinnulífi og atvinnutækifærum á komandi tuttugu árum. Eftirfarandi eru nokkrar þeirra spurninga sem velt var upp:

Hvernig verður orkan nýtt á svæðinu? Vilja íbúar fá stóriðju?

Störfum í sjávarútvegi á Íslandi hefur fækkað um 45% sl. 20 ár. Hvernig mun sjávarútvegurinn þróast?

Mun takast að byggja upp fleiri „segla“ í ferðaþjónustunni sem laða að ferðamenn?

Neysluvenjur landsmanna taka sífelldum breytingum. Hvernig mun landbúnaður þróast?

Verða sóknarfæri svæðisins í menningu og listum?

Mun landshlutinn verða í fararbroddi uppbyggingar menntunar og nýtingar hennar í atvinnulífi?

Mun vöruþróun og nýsköpun vera mótvægið gegn fækkun starfa í hefðbundnum atvinnugreinum?

# Mikilvægir óvissuþættir og drifkraftar atvinnulífs

Fjöldi óvissuþátta og drifkrafta munu hafa áhrif á atvinnulíf á Norðurlandi vestra til ársins 2040. Hér eru nokkur dæmi um þessa þætti og áleitnar spurningar sem munu skipta máli til lengri tíma litið.

## Umhverfismál

Hver verður staða fiskveiða, náttúruverndar og endurnýjanlegrar orku í framtíðinni?

Hvaða önnur umhverfismál verða ofarlega á blaði árið 2040?

## Viðhorf og ímynd landshlutans

Hvernig mun viðhorf landsmanna og stjórnvalda til svæðisins þróast á komandi árum?

Hver verður ímynd Norðurlands vestra árið 2040?

## Mannauður og færni

Hvernig mun menntunarstig, lýðfræðileg þróun og færni íbúa þróast til ársins 2040?

Hvernig munum við takast á við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar?

## Staða sveitarfélaganna

Hver verður staða sveitarfélaga í landshlutanum árið 2040?

Verður eitt sveitarfélag eða fleiri á svæðinu?

Hvernig verður rekstur og almenn starfsemi sveitarfélaganna?

## Nýsköpun og vörubrúun

Hvernig verður staða nýsköpunar og þróunar á svæðinu árið 2040?

Hvernig mun okkur takast að byggja upp rannsóknar- og þróunarstarf í landshlutanum?

## Samgöngur og fjarskipti

Hvernig munu samgöngur innan og til svæðisins þróast?

Hvaða tækifæri liggja í almennings-samgöngum, flugi og umferð um þjóðvegi?

## Ferðaþjónusta

Hvernig verður staða Norðurlands vestra sem áfangastaðar árið 2040?

Hvernig verður svæðið markaðssett og hvað mun laða ferðamenn á staðinn?

## Orkumál og orkufrek starfsemi

Hvernig munu orkumál þróast til ársins 2040?

Hvaða orka verður unnin og/eða nýtt á svæðinu?

Hvernig verður orkan nýtt?

## Sjávarútvegur

Hver verður staða sjávarútvegs á svæðinu árið 2040?

Hvaða áhrif mun aukin sjálfvirkni-væðing hafa á greinina?

Hvernig munu aflaheimildir svæðisins breytast?

## Landbúnaður

Hver verður staða landbúnaðar á svæðinu árið 2040?

Hvaða greinar verða ríkjandi innan landbúnaðarins?

Hvaða afurðir verða framleiddar á svæðinu?

## Menningarmál

Hver verður staða menningarmála í landshlutanum árið 2040?

Munu menningarmál verða stór atvinnugrein í framtíðinni?

Hvaða menningar-seglar munu laða ferðamenn á staðinn?

Hvar verða helstu menningartengdu vaxtarbroddarnir á svæðinu?

# Grunngerð sviðsmyndanna

Við móttun sviðsmynda skiptir miklu máli að greina þá drifkrafta sem hafa áhrif á þróun til framtíðar. Þegar helstu drifkraftar hafa verið greindir þarf að leggja mat á það hversu áhrifamiklir þeir eru og jafnframt hversu mikil óvissa ríkir um þróun þeirra. Sólargangurinn hefur mikil áhrif á það hvernig við högum lífi okkar en þar sem hann er sá sami ár eftir ár getum við tekið honum sem gefnum. Hann er því áhrifamikill en tiltölulega viss drifkraftur. Loftslagsbreytingar eru aftur á móti áhrifamikill drifkraftur og óvissa ríkir um þróun þeirra til framtíðar. Þær geta því verið drifkraftur sem hægt er að nota til að ramma inn sviðsmyndir.

Til að ramma inn sviðsmyndirnar um framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra voru skoðaðir fjölmargir drifkraftar en við vinnslu sviðsmyndanna voru valdir þeir tveir drifkraftar sem taldir eru hafa mest áhrif á framtíðarþróun atvinnulífs á Norðurlandi vestra og talsverð óvissa ríkir um.

Þessir drifkraftar voru valdir eftir greiningu á atvinnulífi og samfélaglegum þáttum svæðisins. Tveir drifkraftar þóttu standa öðrum framar þegar kæmi að mikilvægi og óvissu um framtíðarþróun þeirra. Þessir drifkraftar eru annars vegar *þróun menntunar* og færni og hins vegar *þróun atvinnustarfsemi*.



Menntun og færni íbúa hefur mikil áhrif á það hvort atvinnulífið þróast með **framsæknum** hætti, nýti nýjustu tækni og standi öðrum framar eða hvort **íhaldssemi** sé ríkjandi á svæðinu.



Þegar kemur að þróun atvinnustarfsemi skiptir máli hvort hún sé í átt að **virðisauka** t.d. með nýsköpun og vöruþróun eða með áherslu á magn t.d. í fjölda ferðamanna, framleiddra eininga og fleira í þeim dúr.



## Um sviðsmyndir

Eftirfarandi eru fjórar sviðsmyndir um atvinnulífið í landshlutanum fram til ársins 2040. Þær lýsa því hvernig mismunandi starfsumhverfi getur stuðlað að ólíkri þróun atvinnulífsins. Þannig geta orðið til ný eða afleidd störf sem byggja á mismunandi þekkingu, færni og menntun, allt eftir því hvernig starfsumhverfið þróast. Það er því mikilvægt að skilja eðli slíkra breytinga og vera tilbúin að mæta þeim til dæmis við uppbyggingu nýrra atvinnumöguleika.

Einkenni góðra sviðmynda helgast ekki af því hversu vel eða nákvæmlega þær rætast, heldur hvort þær leiði til betri viðbragða og ákvarðana þeirra sem þær snerta, atvinnulífs og sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.



## Yfirlit sviðsmynda

1

### Til sjávar og sveita

Lítill nýsköpun  
Hefðbundinn landbúnaður  
Miklar aflaheimildir í sjávarútvegi

2

### Samfélag í sókn

Vaxandi nýsköpun  
Grunnatvinnugreinar í blóma  
Mikil fjölgun ferðamanna

3

### Sígandi lukka er best

Vöruþróun í grunnatvinnugreinum  
Fágætisferðaþjónusta  
Vaxandi ylrækt tengt landeldi

4

### Nýsköpunarlandið

Mikil nýsköpun  
Nýjar atvinnugreinar  
Áhersla á sjálfbærni

Magn



atvinnustarfsemi



Íhaldssöm

Þróun menntunar og færni

Framsækin



Þróun



Virðisauki



# 1. Til sjávar og sveita

## Staðan árið 2040


Áherslur í atvinnumálum hafa verið á þær greinar sem svæðið hefur verið þekkt fyrir í gegnum tíðina. Styrkur svæðisins byggir m.a. á afslöppuðu umhverfi, nálægð við náttúru og samheldnu samfélagi innan hvers sveitarfélags. Fólksfækkun hefur átt sér stað og hlutfall karla hefur hækkað á sama tíma. Þó er atvinnuleysi lítið enda leitar fólk sem misst hefur vinnuna tækifæra annars staðar.

## Í hnotskurn

Atvinnulífið á svæðinu er frekar einsleitt og áhersla á hefðbundin störf sem í sumum tilfellum skila launum yfir landsmeðaltali.

Hægfara fólksfækkun en hækkanði hlutfall nýbúa.

Lítill trú og þolinmæði fyrir verulegri nýsköpun í atvinnulífinu.



## LYKILFORSENDUR

Atvinnustarfsemin leggur áherslu á magn og íhaldssemi ríkir í þróun menntunar og færni.


## Nýsköpunarvirgni Norðurlands vestra




## Lykil atvinnugreinar




## Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra



## Hlutfall kynja af íbúafjölda 2040





# Til sjávar og sveita

## Tímalína - hvernig sviðsmyndin getur raungerst?

### Hvernig gerðist þetta?


Í sjávarútvegi var mikil áhersla lögð á að efla veiðar með kaupum á aflaheimildum en vinnsla hefur dregist saman á svæðinu.


Hefðbundinn landbúnaður hefur haldið sínu striki og eftirspurn eftir landbúnaðarvörum nokkurn veginn haldist stöðug.

Gagnaver var tvöfaldað að stærð en samhlíða fjölgaði nokkuð afleiddum störfum s.s. í öryggisgæslu, rafverktöku o.fl.

Orkuframleiðsla jókst umtalsvert með tilkomu vindmyllugarðs sem framleiðir nú álíka mikið rafmagn á ári og Blöndustöð. Stærsta gróðurhús á Íslandi var byggt á Norðurlandi vestra en þaðan er nú flutt mikið magn grænmetis á innlenda- og erlenda markaði í hverjum mánuði.

Háskólamenntuðum íbúum hefur fækkað þar sem fá tækifæri eru fyrir langskólamenntað fólk. Ungmennni flytja burt til að sækja sér menntun og snúa ekki til baka.





## 2. Samfélag í sókn

### Staðan árið 2040

Gömlu grunnatvinnugreinarnar blómstra þar sem orðið hefur mikil þróun m.a. í aukinni framleiðslugetu. Nýjar námsbrautir í skólum og aukin tækniþekking hafa orðið til þess að flýta sjálfvirknivæðingu starfa á svæðinu. Sjávarútvegur hefur þróast í átt að auknu landeldi og í landbúnaði hefur búum fækkað á sama tíma og framleiðsla afurða hefur aukist.

### Í hnotskurn

Með nýjum áherslum í menntun hefur orðið mikil þróun í atvinnulífinu, sérstaklega í hefðbundnum greinum og ferðaþjónustu.

### LYKILFORSENDUR

Atvinnustarfsemin leggur áherslu á magn en framsækni ríkir í þróun menntunar og færni.


### Nýsköpunarvirgni Norðurlands vestra




### Lykil atvinnugreinar




### Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra



### Hlutfall kynja af íbúafjölda 2040





# Samfélag í sókn

## Tímalína - hvernig sviðsmyndin getur raungerst?

### Hvernig gerðist þetta?

Með markvissu átaki í menntamálum og fjölgun námsbrauta opnuðust ný tækifæri í að þróa framleiðsluaðferðir fyrirtækja á Norðurlandi vestra. Það varð til þess að hægt var að framleiða meira án þess að auka kostnað til lengri tíma.


Framleiðsla alkóhóls úr mysu hefur aukist en mest af alkóhólinu er flutt á erlenda markaði til áframvinnslu.

Með uppbyggingu nýrra hótela hefur ferðaþjónusta blómstrað og fjöldi ferðamanna á svæðinu margfaldast. Hestatengd starfsemi hefur blómstrað

sem aldrei fyrr og er eitt af höfuðeinkennum svæðisins. Norðurstrandarleið hefur verið mikil lyftistöng fyrir svæðið.

Samgöngur til og frá svæðinu hafa batnað talsvert m.a. með tilkomu Sundabrautar sem styttri leiðina á markað fyrir afurðir frá Norðurlandi vestra. Einnig hafa Tröllaskagagöng stórbætt samgöngur til austurs. Þessar samgöngubætur hafa bæði aukið umferðaröryggi og stýtt ferðatíma umtalsvert.

Norðurland vestra hefur orðið öðrum landshlutum fyrirmynd í kennsluháttum og skólastarfi í grunnskólum.



## 3. Sígandi lukka er best

### Staðan árið 2040

Landbúnaður hefur verið í hægfara sókn sem helgast m.a. af hestatengdri starfsemi og nýsköpun m.a. í ylrækt og landeldi.

Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi er orðin vinsæll áfangastaður erlendra fatahönnuða- og framleiðenda. Áhersla á gæði og náttúruleg hráefni m.a. vegna stöðunnar í loftslagsmálum hefur breytt „ull í gull“ fyrir bændur. Ull er nú verðmætasta afurð sauðfjárbænda á svæðinu.


Sjávarútvegur er stöðugur og aukin áhersla hefur verið á úrvinnslu sjávarafurða.

Nýsköpun í ferðaþjónustu á sviði sjálfbærni hefur laðað að nýja hópa ferðamanna og eflt atvinnulífið á svæðinu.

### Í hnotskurn

Matur og menning úr héraði dregur gesti á svæðið og tekjur á hvern ferðamann hafa aukist verulega.

Áhersla er lögð á fullvinnslu afurða í matvælaíðnaði og þannig á aukna verðmætasköpun.



### LYKILFORSENDUR

Atvinnustarfsemin leggur áherslu á virðisauka en íhaldssemi ríkir í þróun menntunar og færni.


#### Nýsköpunarvirgni Norðurlands vestra




#### Lykil atvinnugreinar




#### Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra



#### Hlutfall kynja af íbúafjölda 2040





# Sígandi lukka er best

## Tímalína - hvernig sviðsmyndin getur raungerst?


### Hvernig gerðist þetta?

Fágætisferðapjónusta hefur styrkst verulega með fjölgun „ferðapjónustusegla“ og opnun 5 stjörnu alþjóðlegs lúxushótel á svæðinu. Ásamt því hafa menning og listir verið mikið aðdráttarafi í ferðapjónustu.

Breyttar áherslur í mataræði og loftslagsbreytingar hafa leitt til aukinnar eftirspurnar eftir vegan afurðum. Á sama tíma hefur

orðið uppbygging í sameldi (e. aquaponics) sem hefur fjölgað störfum og stutt við framþróun bæði landeldis og ylræktar. Sjávarútvegsfyrirtækin á svæðinu í samstarfi við háskólastofnanir hafa eflt nýsköpun og þróun verulega sem leiddi til umtalsverðrar verðmætaukningar sjávaraflla.

Þéttbýliskjarni á svæðinu hlaut viðurkenningu sem „Slow city“ og laðar til sín bæði íbúa og ferðamenn vegna þess.



## 4. Nýsköpunarlandið


### Staðan árið 2040

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf einkennir Norðurland vestra þar sem mikil uppbygging og fólksfjölgun hefur átt sér stað undanfarin ár. Sprotafyrirtæki hafa sprottið upp og fólk með mikla en ólíka menntun flykkist að. Fjöldi fólks sem vinnur fyrir fyrirtæki um allan heim hefur sest að vegna þeirra lífsgæða og þekkingarsamfélags sem myndast hefur á svæðinu. Menning og listir hafa fengið að blómstra og ferðamenn í leit að einstakri upplifun og kraumandi samfélagi koma í auknum mæli.

### Í hnotskurn

Tækifæri í tækni og framþróun hafa skapað störf á svæðinu.

Fjársterkir aðilar styðja dyggilega við nýsköpun og þróun í nýjum atvinnugreinum sem dregur að fólk með mikla sérþekkingu á fjölbreyttum sviðum.




### LYKILFORSENDUR

Atvinnustarfsemin leggur áherslu á virðisauka en framsækni ríkir í þróun menntunar og færni.


### Nýsköpunarvirgni Norðurlands vestra




### Lykil atvinnugreinar




### Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra



### Hlutfall kynja af íbúafjölda 2040





# Nýsköpunarlandið

## Tímalína - hvernig sviðsmyndin getur raungerst?

### Hvernig gerðist þetta?


Farið var í stóráttak í innviðauppbýggingu m.a. í ljósleiðara- og raforkumálum sem studdi við fjölgun starfa „án staðsetningar“.

Eftir vel heppnað tilraunaverkefni og með samstilltu átaki fyrirtækja og stofnana var vinnuvikan á Norðurlandi vestra stytta í fjóra daga.

Tilraunamiðstöð í matvælaþróun- og vinnslu á Sauðárkróki réði til sín hámenntað fólk víða að úr heiminum og er nú talin vera fremst á sínu sviði í Evrópu.

Sjálfbærni miðstöð Íslands var stofnuð af heimamönnum og hefur hlotið heimsathygli fyrir nýtingu auðlinda og uppbyggingu þekkingar, ekki síst í loftslagsmálum.

Mikil framþróun í kennsluháttum og nýtingu tækni í skólastarfi hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og menntaferðapjónusta dregur að fjölda gesta á ári hverju.





# Nýting sviðsmynda - næstu skref

Sviðsmyndunum er ætlað að opna augu lesenda fyrir því að þróun atvinnulífsins geti orðið með allt öðrum hætti í framtíðinni en sú staða sem það býr við í dag. Við vinnslu sviðsmyndanna voru m.a. rýndar skýrslur sem benda til þess að mörg hefðbundin störf muni leggjast af í framtíðinni. Var þar verið að vísa til tæknibreytingar í kjölfar fjórðu iðnbyltingarinnar og nefnd störf eins og við fiskvinnslu, landbúnað og skrifstofustörf sem

auðvelt er að sjálfvirknivæða. Hvort það verður raunin verður ekki lagt mat á hér en lesendur hvattir til að lesa sviðsmyndirnar og skilja að þær geta í raun allar ræst. Lykilatriði er að skilja hvort og hvernig aðilar vilja bregðast við og á það jafnt við um atvinnulífið, sveitarfélögin og einstaklinga sem eru að velta upp hvernig þeirra framtíð geti þróast atvinnulega séð.

## Sviðsmyndirnar geta nýst á fjölmörgum sviðum og má þar nefna dæmi eins og:

Við mótun stefnu fyrirtækja á svæðinu jafnt sem sveitarfélaga og stuðningsstofnana

Við mótun auðlinda- og atvinnustefnu landshlutans ásamt menntastefnu

Við mótun ákvarðana tengdum byggðapróun og skipulagsmálum

Við fjárfestingaákvarðanir og áhættugreiningar aðila í landshlutanum

Við mótun nýsköpunarstefnu og ákvarðanir mennta- og stuðningsstofnana í þekkingarmálum

Sem stuðningstæki fyrir sóknaráætlun landshlutans og m.fl.

# Sóknarfæri

Afar lítt að ykkur lýg  
enn er gæfan treg.  
Hættum öllum hrepparíg  
og höldum fram á veg.

*Magnús Ólafsson frá Sveinsstöðum.  
Ort á fundi um sviðsmýndir og sóknaráætlun  
á Blönduósi, 20. ágúst 2019*